


Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

-þróunarverkefni unnið í samstarfi við nemendur á unglingastigi með áherslu á heimsmarkmiðin sem tengjast grunnþáttunum Heilbrigði og velferð (3), Lýðræði og mannréttindi (4) og Sjálfbærni (11)



UMS-93, 2020-2021

Öxarfjarðarskóli og Grunnskóli Raufarhafnar
Norðurþingi
Skólaárið 2020 til 2021

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Að auka lýðræðislega að komu nemenda að námi sínu og tengja áhugasvið nemenda við nám þeirra og gera þau sjálfstæðari í vinnubrögðum.
- Að þróa starfshætti þar sem nemandinn getur verið í sínu umhverfi en kennarinn annars staðar.
- Að tengja saman starfshætti tveggja fámennra skóla og hefja samræmingu á skólanámskrá þeirra.
- Að þróa fjarnáms starfshætti á grunnskólastigi.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Þróunarverkefnið var unnið í samstarfi við nemendur á unglingastigi með áherslu á heimsmarkmiðin sem tengjast grunnþáttunum Heilbrigði og velferð (3), Lýðræði og mannréttindi (4) og Sjálfbærni (11)

Fyrirhugað var að nemendur ynnu þrjú stór einstaklingsverkefni og að áhugasviðsverkefnið næðu yfir allan veturinn eða sem næmu 37 kennslustundum eða sem nemur heilli viku í kennslu undir hvert verkefni. Það varð úr að nemendur á unglingastigi í Öxarfjarðarskóla og við Grunnskóla Raufarhafnar unnu verkefni sín sjálf - verkefnið urðu ekki alveg jafn stór og upphaflega var ætlað en fyrirkomulagið og framgangurinn varð nánast í samræmi við áætlanir og árangur nemenda varð gjarnan umfram þeirra eigin væntingar.

Nemendur völdu sér verkefni út frá grunnþáttunum en verkefnið mátti tengjast íþróttum, tónlist, leiklist, endurbótum á húsnæði, nýsköpun eða hverju því sem þeim datt í hug. Verkefnið gat verið liður í því að láta drauma þeirra rætast.

Eitt af markmiðunum var að tíminn sem nemendur nýta í að vinna að verkefninu verði óháð því hvort þau séu stödd heima t.d. á sveitabæ, í skólabyggingunni í Öxarfirði eða á Raufarhöfn. Gert var ráð fyrir því að verkefnið væru einstaklingsverkefni en nemendum var gefinn kostur á því að vinna saman ef að áhugasviðin leiddu þau þangað.

Hlutverk kennaranna var að styðja nemandann og hvetja áfram. Að veita leiðsögn og stuðning í gegnum vinnuferlið en passa að taka verkefnið ekki í sínar hendur.

Verkefnið samanstóð af:

- **Verklýsingu** - Nemendur gerðu verklýsingu þar sem þeir ákváðu útkomuna fyrirfram (gæðaviðmið). Verklýsingunni var ætlað að verða frekar ítarleg en tilgangurinn var að nemandinn gæti metið sig gagnvart þeirri lýsingu sem hann gerði upphaflega - þ.e. við lok verkefnisins
- Nemendur gerðu **tíma og verkáætlun**.
- Nemendur héldu **vinnudagbók** (leiðardagbók).
- Nemandinn vann síðan **skýrslu** um verkefnið sitt og skilar eftir ítarlegum skilyrðum.
- **Matsnefndar matsviðmið** - Í lokin kynna nemendur verkefni sín fyrir matsnefnd sem skipuð er þremur aðilum innan skólans. Nemendur vita frá upphafi hver matsviðmið matsnefndarinnar eru og skipuleggja sig vandlega með lokamatið í huga.
 - Verkefnin sem nemendur völdu sér voru til dæmis:
 - Leikrit um Abraham Lincoln
 - Hanna buxur
 - Heimildamynd um “Black Lives Matter”
 - Lag samið með Cakewalk
 - Myndband um rapparann Juice WRD, æsku og ævi.
 - Kynning á íslenskri glímu
 - Leiðbeiningar um andlitsförðun
 - Leiðbeiningar um umhirðu hárs
 - Og margt fleira

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Þar sem eini nemandinn á unglíngastigi Grunnskólans á Raufarhöfn fluttist í Öxarfjarðarskóla í haust var ákveðið að breyta samstarfinu örlítið þannig að það snerist um að skólastjórinn á Raufarhöfn tæki þátt í verkefninu með Öxarfjarðarskóla til að tryggja að vinnubrögðin festust í sessi í báðum skólunum. Þegar þetta er ritað vorið 2021 hefur verið ákveðið að Hrunn skólastjóri á Raufarhöfn verður næsta vetur skólastjóri beggja skóla og því mun þróunarvinnan sem spratt fram með þessu verkefni verða á hennar hendi og nýtast nemendum til þess að sníða nám og kennslu enn frekar að áhugasviði hvers og eins og styrkja samstarf tveggja fámennra skóla með verkefnum sem hægt er að vinna óháð stað og stund.

Framgangur verkefnisins

Til að koma verkefninu af stað var nýtt uppskrift sem er sníðin að slíkum verkefnum er heitir [Kistillinn](#) og hefur verið í þróun í nokkrum skólum sem verkefnastjóri hefur unnið með undanfarin ár. Kennurum fannst í upphafi erfitt að

fá nemendur til að vinna samkvæmt því sem lagt var upp með, og þá sérstaklega að fá nemendur til að sjá fyrir sér afurðina og lýsa því sem þau hugðust vinna að. Til að koma til móts við nemendur einfölduðu kennarar þá framsetningu og lögðu í staðinn meiri áherslu á ferlið við að útbúa sjálfa afurðina og að skrifa skýrsluna í lokin. Verkefnalýsingarnar urðu þannig að beinagrind að skýrslunni sem þau skrifuðu í lokin sem var allt í lagi enda um þróunarverkefni að ræða og mikilvægast að læra af og í ferlinu sjálfu.

Nemendur unnu vinnudagbókina en kennarar mættu nokkurri mótsþyrnu fyrir að fá nemendur til að skrifa í vinnudagbók um hvað þau gerðu í dag og hvað þau munu gera í næstu viku. Flestir nemendur sáu aldrei tilgang í þannig skriffinnsku en líklega eru það vinnubrögð sem koma til með að venjast. Það varð stór hluti af ferlinu að nemendur sáu smátt og smátt tilganginn í því að skrá niður hvað var að gerast í verkefninu og næsta vetur verður slík skráning aðlöguð að hverjum og einum enn frekar.

Verkefni nemenda urðu hinsvegar mjög áhugaverð og byggðu kyrfilega á áhugamálum nemendanna sjálfra og útgangspunkturinn voru heimsmarkmiðin.

Kennararnir lögðu mikla áherslu á vinnuna við skýrsluna sjálfa sem skrifuð var í lokin og vel gekk að halda utanum að þeirri vinnu lyki allt eftir styrk hvers og eins. Kennarar gerðu kröfu um ákveðið efnisyfirlit sem hentar hópnum betur en það sem er í verkefnalýsingu fyrir Kistillinn. Kennarar leiðbeinendum nemendum svo með lykilsurningum sem þeir sömdu sjálfir. Frávikið frá Kistlinum varð í rauninni bara þessi framsetning á efnisyfirlitinu sem varð þá eftirfarandi:

Inngangur

- Mjög gróft: um hvað snýst verkefnið?
- Hvernig eru tengsl ykkar við viðfangsefnið?
- Um hvað ætlið þið að fjalla í skýrslunni?

Meginþáttur

- Hvert er markmiðið með verkefninu?
- Af hverju valdir þú viðfangsefnið?
- Af hverju valdir þú að búa til myndband, bækling o.s.frv.?
- Hvaða vandamálum eða uppákomum sem þú bjóst ekki við mættir þú?
- Þurftir þú að breyta plönnum þínum og hvernig?
- Var verkefnið auðveldara eða erfiðara en þú bjóst við og á hvaða hátt?

Lok

- Hvernig fannst þér ganga í heild?
- Stóðst þú undir eigin væntingum?
- Hvað lærðir þú í verkefninu?
- Hvernig myndir þú breyta vinnubrögðum þínum í næsta verkefni?

Að lokum kynntu nemendur verkefni sín fyrir matsnefnd og héldu sýningu á

verkefnum sínum alveg eins og áætlað var og matsnefnd hlýddi á og spurði spurninga.

Heildartíminn sem fór í áhugasviðsverkefnin var á heildina meiri en lagt var upp með. Kennarar hófu undirbúninginn um haustið og fyrsta áhugasviðsverkefnið fór í gangi í október og lauk í desember. Það tók smá tíma fyrir kennarana að átta sig á því að það væri óhætt að færa valdið yfir til nemendanna en þegar hlutverkin voru orðin skýr og hópurinn búinn að átta sig betur á verkefninu fóru hlutirnir að gerast.

Ákveðið var að taka allan skólann með í áhugasviðsverkefni vinnuna, þ.e. bæði miðstið og yngsta stig. Á yngsta stiginu var lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum vinnubrögð í áhugasviðsverkefni. Kennarar völdu kynningarleið og þema og nemendur völdu sér svo áhugasvið innan þess. Dæmi um útfærslu meðal yngstu nemenda er að unnið var veggspjald um mannlíkamann, búin var til sögubók með fræðitexta um dýr sem nemendur völdu sér og dýrin voru svo sett fram í líkani af hverju og einu. Á miðstigi völdu nemendur sér alveg frjálst viðfangsefni á haustönn en þurftu að gera verklýsingu, skrifa dagbók og skila skýrslu í lokin. Verkefnin voru afar fjölbreytt eða allt frá tilraunum um hina fullkomnu smáköku og í að hanna spil til að skrifa heimildarritgerð.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnavinnu

- Upphaflega var ákveðið að það yrðu unglíngarnir sem tækju þátt í verkefninu en úr varð að allur skólinn tók þátt! Sem varð til þess að ávinningurinn varð meiri en upphaflega var áætlað samanber umfjöllun hér að ofan.
- Kennarar lögðu mikið á sig við að skipuleggja verkefnið og sáu mikilvægi þess að nemendur fengju tækifæri til þess að ákveða viðfangsefni sín út frá gefnum forsendum og sínum eigin.
- Nemendur komu á óvart og unnu umfram væntingar kennara og foreldra og síðast en ekki síst komu þeir sjálfum sér á óvart!

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

- Verkefnið er mjög líklegt til að festast í sessi í samreki grunnskóla sem stjórnað verður af fyrrum skólastjóra á Raufarhöfn.
- Verkefnið er mjög líklegt til að festast í sessi og verða partur af skólanámskrá sem verður uppfærð næsta vetur í kjölfar nýrrar skólastefnu sveitarfélagsins. Í skólanámskrá verður skýr áhersla á persónumiðað nám í anda skólastefnunnar sem nú er í innleiðingarferli.

Markmið verkefnisins var að:

- Að auka lýðræðislega að komu nemenda að námi sínu og tengja áhugasvið nemenda við nám þeirra og gera þau sjálfstæðari í vinnubrögðum.
 - Markmiðið gekk eftir og það má sjá á viðfangsefnum sem nemendur völdu sér.
 - Unnu umfram væntingar og sýndu mikinn styrk.
- Að þróa starfshætti þar sem nemandinn getur verið í sínu umhverfi en kennarinn annars staðar.
 - Nemendur og kennarar um allt land og þar er Öxarfjarðarskóli og Grunnskólinn á Raufarhöfn ekki undanskilinn þurftu að tileinka sér starfshætti þar sem námið væri óháð staðsetningu. Þrátt fyrir að nemendur ynnu ekki saman að verkefnum þróuðust starfshættir fjarkennslunnar óhjákvæmilega.
 - Þegar markmið verkefna eru skýr og viðfangsefnið vel skilgreint gengur fjarnám betur. Bæði Covid og verkefnamiðað nám nemenda sannaði sig í þessu verkefni.
- Að tengja saman starfshætti tveggja fámennra skóla og hefja samræmingu á skólanámskrá þeirra.
 - Þetta verkefni hefur sannarlega styrkt starfshætti skólanna beggja og mun nýr skólastjóri nýta sér verkefnið áfram og tengja báðum skólunum á næsta skólaári. Þetta verkefni var mikilvægt í að færa skólastarf þessara tveggja skóla nær hvor öðrum.
- Að þróa fjarnáms starfshætti á grunnskólastigi.
 - Já - sannarlega, sjá rökstuðning við markmið tvö.


Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Í vetur hafa nemendur stoltir sagt frá og sýnt afurðir verkefnanna. Áætlað er að í upphafi næsta skólaárs verði haldið skólaþing þar sem m.a. verður kynning á verkefnum sem unnin voru í vetur með áherslu á áframhaldandi vinnu. Búið er að kynna vinnuna fyrir foreldrum og í vinnslu er frétt sem fer á heimasíðu skólans sem og á heimasíðu sveitarfélagsins Norðurljósa. Ítarlegar kennsluáætlanir og námsvísir er hluti af afrakstrinum sem verður einnig birt á heimasíðu skólans.

Dagsetning: 18. maí 2021



Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Verkefnisstjóri



Ann-Charlotte Fernholm
aðstoðarskólastjóri

Viðhengi:

1. [Leiðbeiningar](#) um áhugasviðsverkefni frá kennurum
2. [Kistillinn](#) - Kennsluleiðbeiningar
3. [Rekstrarreikningur](#)